

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 4/98
frá 30. janúar 1998**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/97 frá 14. mars 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/34/EB frá 6. júní 1997 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/75 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 55a (tilskipun ráðsins 93/75/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 40 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 158, 17. 6. 1997, bls. 40.

„- **397 L 0034:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/34/EB frá 6. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 158, 17. 6. 1997, bls. 40), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 162, 19. 6. 1997, bls. 56.“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/34/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner